

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag fóðurstöðvar á Háanesi  
í landi Stóra Laugardals í Tálknafjarðarhreppi.**

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 27. nóvember 2014 deiliskipulag fóðurstöðvar á Háanesi í landi Stóra Laugardals í Tálknafirði.

Deiliskipulagssvæðið er 0,6 ha að stærð, staðsett á Háanesi (Stóra Laugardal) í Tálknafirði. Gert er ráð fyrir 6.000 m<sup>2</sup> iðnaðarlóð með athafnasvæði á tveimur vinnuþlönnum, starfsmannahúsi, vélarhúsi og fóðursílóum. Markmið deiliskipulagsins er að forma lóð fyrir fóðurstöð í sem mestri sátt við nánasta umhverfi, sem einkennist af nálægð við sjó og fjöru.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Tálknafirði, 10. febrúar 2015.*

**Óskar Örn Gunnarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2015